

Sp.

179. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd flytur að venju sameiginlegar tillögur til breytinga á frv. til fjárlaga á þskj. 155 og 161 með fyrirvara af hálfu minni hlutans, sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Minni hlutinn er á hinn bóginn algerlega andvígur stefnu frv. og þeirri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar á Alþingi, sem frv. endurspeglar. Í nefndarálitinu er þessi miðstýringar- og haftastefna gagnrýnd. Hún hefur leitt til stöðnunar og versnandi lífskjara, þrátt fyrir árvaxandi afla og góð ytri skilyrði þjóðarbúsins. Því er þörf á gerbreyttri stefnu, jákvæðri uppbyggingu í anda frjálshyggju, en það er sú grundvallarstefna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur barist fyrir frá öndverðu.

I. Stutt yfirlit um nokkur aðalatriði í efnahags- og ríkisfjármálum síðustu þrjú ár.

Í nefndaráliti minni hl. fjárveitinganefndar fyrir ári segir svo orðrétt:

„Núverandi ríkisstjórn fylgir eindregnari vinstri stefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum en þær ríkisstjórnir á síðasta áratug, sem sjálfar hafa kallað sig vinstri stjórnir.“

Þessi staðreynd kemur betur í ljós eftir því sem tíminn líður. Forustumenn Alþýðubandalagsins hafa staðfest þetta opinberlega. Einn þeirra sagði í blaðaviðtali síðastliðið vor:

„Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar ber mjög svipmót þeirrar afstöðu, sem Alþýðubandalagið hefur haft síðan 1978. Sú afstaða varð undir í ríkisstjórninni 1978—79 (vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar). Nú hefur hins vegar verið tekið tillit til sjónarmiða Alþýðubandalagsins og árangurinn er að koma í ljós.“

Hér er skýrt að orði kveðið og ekki um að villast, að íslenskir vinstri sósíalistar og kommúnistar í Alþýðubandalaginu telja stjórnarstefnuna sér þóknanlegri en stefnu vinstri stjórna sem setið hafa fyrr. Hvað sem þessu líður hafa Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn ráðið mestu um stjórnarstefnuna í rúm þrjú ár, eða frá hausti 1978. **Á þessu tímabili hafa ríkt illvíg verðlagshöft, afturhaldsstefna gagnvart atvinnuvegunum, smáskammtalækningar í verðbólguáttum, gegndarlaust skattahækkunarflóð, ríkisafskipti og ríkisumsvif aukin, bæði með skattahækkunum og stóru auknum opinberum lántökum.**

Hér á eftir verða nokkur aðalatriði efnahags- og ríkisfjármála síðan 1978 dregin saman í örstuttu máli, en um hvert og eitt atriði verður nánar fjallað í síðari köflum nefndarálitsins:

1. **Sjávarafli hefur stóru aukist** vegna friðunaraðgerða fyrr á árum, t. d. veiðist sennilega í ár um 130—150 þús. tonn um meira af þorski en 1978. Verðlag á sjávarafurðum okkar erlendis hefur yfirleitt verið gott.

Þrátt fyrir þennan stórkostlega búhnykk hefur þjóðarframleiðsla aukist sáralítið og kaupmáttur taxtakaups launþega rýrnað að mun. Svo er einnig um kaupmátt lífeyris elli- og örorkulífeyrisþega. Þessi kaupmáttarrýrnun nemur allt að 10% frá þriðja ársfjórðungi 1978 til sama tíma í ár.

2. **Verðbólguávísitala hefur tíu sinnum verið skert** á þessu tímabili, samtals um rúm 26%. Verðbólgan var þegar ríkisstjórnin tók við um eða yfir 50% yfir árið. Hún er í raun í sama illkynja farinu. Hinn 1. nóvember síðastliðinn var hækkun framfærsluvísitölu síðustu 12 mánuði tæp 48% og verðbólguhraðinn er vaxandi, eins og talsmenn ríkisstjórnarinnar

viðurkenna og Seðlabanki Íslands metur verðbólguþingið nú nálægt 50%. Á miðju ári 1977 komst verðbólgan niður fyrir 30% og var í byrjun áratugarins tæp 4%.

3. **Gengi íslensku krónunnar hefur verið formlega fellt fimm sinnum síðan í ágúst 1978** vegna gengislækkana og gengissigs. Hefur Bandaríkjadollar hækkað gagnvart íslenskri krónu um 213,9% á þessu tímabili. Verðgildi nýkrónunnar, sem átti að verða stöðugt, hefur minnkað þannig, að verð Bandaríkjadollars í nýkrónum hefur hækkað yfir 30% frá því að nýkrónan kom í umferð um síðustu áramót.

4. **Skattaálögur á almenning hafa hækkað** svo mjög, að á næsta ári greiðir hver fimm manna fjölskylda í landinu um 20 þús. kr. (2 millj. gamalla króna) hærra beina og óbeina skatta en sama fjölskylda hefði gert að óbreyttum skattalögum sem giltu 1977. Skattbyrði þyngist enn 1982 samkvæmt fjárlagafrumvarpinu og nýr skattur er enn boðaður, svonefnt byggðalínugjald.

5. **Skattbyrði eignarskatta til ríkisins er nú tvöföld** miðað við það, sem hún var 1977, og tekjuskatta 50% meiri.

6. **Þensla eyðsluútgjalda ríkissjóðs er gífurleg.** Aukin ríkisumsvif hafa átt sér stað með skattahækkunum og að auki með stórauðnum lántökum til hins opinbera. Erlend lán til (A- og B-hluta) ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja hafa rúmlega þrettánfaldast samkvæmt fjárlagafrumvarpinu frá 1978, en þrefaldast að raungildi.

7. **Greiðslubyrði erlendra lána hefur aldrei verið meiri** en nú og hefur þyngst verulega undanfarin ár, þótt stórfelldur samdráttur verði í ár og einkum á næsta ári í stóriðju- og orkuframkvæmdum. Samkvæmt lánsfjáráætlun eru erlendar skuldir taldar verða 39% af þjóðarframleiðslu í árslok 1982 og hefur það hlutfall aldrei verið hærra. Þetta hlutfall var 31.6% 1977.

8. **Fjárveitingar til framkvæmda- og atvinnuvegasjóða hafa ár eftir ár verið skornar** miskunnarlaust niður að raungildi og eru lægri nú í ár skv. fjárlagafrv. t. d. til grunnskóla og hafnargerða en verið hefur a. m. k. frá 1974.

9. **Fjárfesting í atvinnulífinu hefur dregist saman,** nema ef til vill í fiskveiðiflotanum, og svo þrengt að atvinnuvegunum að allar undirstöðugreinarnar eru reknar með stórfelldum halla og skuldasöfnun. Jafnvel ríkisfyrirtæki ná aðeins endum saman með því að slá erlend lán, svo sem Sementsverksmiðja ríkisins. Flest ríkisfyrirtæki í atvinnurekstri eru rekin með verulegum halla, svo sem fram kom í svari iðnaðarráðherra á Alþingi fyrir nokkru.

10. **Íbúðabyggingar á vegum einstaklinga hafa dregist saman** ár eftir ár og enn má búast við stórfelldum samdrætti í íbúðabyggingum á næsta ári.

Sérstaklega er vert að vekja athygli á því, að mjög hefur þrengt að einstaklingum og frjálsum félagasamtökum á þessu tímabili. Það er ótvírætt erfiðara fyrir einstaklinga að ráðast í að byggja sér íbúðir eða leggja út í nýjan atvinnurekstur við núverandi aðstæður. Þannig er í reynd komið í veg fyrir að atorka einstaklinganna verði virkjuð á hagkvæman hátt fyrir þjóðfélagið, en á því er ekki síður þörf en að virkja aðrar auðlindir lands og þjóðar.

II. Stefna fjárlaga 1979—1981 og frumvarps fyrir árið 1982.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1982 felur í sér sömu meginstefnu og fjárlög undan- genginna ára, þ. e. a. s. frá 1979. Það felur í sér þenslu eyðsluútgjalda ríkissjóðs, aukna skattbyrði, niðurskurð fjárveitinga til framkvæmda og framlaga til sjóða atvinnuveganna. Áfram er haldið á þeirri braut að taka markaðar tekjur og skatta, sem voru lagðir á til ákveðinna verkefna, til almennrar eyðslu ríkissjóðs og taka lán til opinberra þarfa í stórum stíl og ýta þannig vandanum á undan sér. „Koma tímar og koma ráð,“ gætu verið einkunnar- orð fjármálaráðherra og ríkisstjórna undan- genginna ára að þessu leyti, svo rík er sú árátt að koma af sér óþægilegum vanda og færa yfir á þá sem síðar taka við stjórnartaumunum.

1. „Reiknitala frumvarpsins“, uppgjöf á „niðurtalningarleið“.

Frumvarpið er byggt á þeirri meginforsendu, sem svo er lýst í greinargerð þess: „Reiknitala fjárlagafrumvarpsins varðandi **hugsanlega hækkun verðlags og launa (leturbreyting hér) er miðuð við 33% milli árunna 1981 og 1982.**“ Sérstaklega er tekið fram að reiknitalan sé „ekki hugsuð sem verðbólguþá fyrir komandi ár“. Á þetta lagði fjármálaráðherra af einhverjum ástæðum sérstaka áherslu við 1. umræðu.

Þessu er öfugt farið í fyrsta fjárlagafrumvarpi núverandi ríkisstjórnar fyrir 1980. Þar er „niðurtalningunni“ lýst nákvæmlega. Þar segir svo orðrétt: „Í stjórnarsáttmálanum eru boðaðar eftirtaldir aðgerðir í verðlagsmálum í því skyni að draga úr verðbólgunni:

1. Verðhækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1. nóvember 5%. Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu. Um verðhækkunir af erlendum uppruna, sem ekki rúmast innan ofangreindra marka að mati verðlagsráðs, setur ríkisstjórnin sérstakar reglur. Þessar sérstöku reglur hafa ekki áhrif á gildandi ákvæði um útreikning kaupgjaldsvisítölu.

2. Verðhækkunir á búvöru fylgi sams konar reglum, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 og 1981.

3. Fyrir maí — júní 1980 skulu afgreiddar sérstakar hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma, sem framangreind mörk setja.

Í samræmi við þetta er frumvarpið miðuð við það, að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði um 31% og meðalhækkun verðlags 1979 — 1980 verði 45—46%.“ (Leturbreyting hér).

Í öðru frumvarpi til fjárlaga frá núverandi ríkisstjórn fyrir árið 1981 segir einnig orðrétt: „Meginforsendur þessa frumvarps eru eftirfarandi: . . .

4. Að verðlagshækkunir frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 verði um 42%, **sem er nokkru minni verðbólga en verið hefur nú um skeið.**“

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1982 er ekki minnst á „niðurtalningu“, ekkert markmið er lengur til í viðureigninni við verðbólguna, aðeins „reiknitala“ út í bláinn. Þetta er staðfesting á algerri uppgjöf ríkisstjórnarinnar á þeirri margfrægu niðurtalningu, enda átti verðbólga að vera 31% 1980 samkvæmt henni og fara niður í 10% á næsta ári — „eða þannig sko!“

En hvað þýðir þessi reiknitala? Í bréfi frá Þjóðhagsstofnun til fjárveitinganefndar segir svo orðrétt:

„Ef hækkunin dreifist jafnt yfir árið felur þetta í sér 27% hækkun frá upphafi til loka ársins. Ferlarnir yfir árið gætu verið með ýmsum hætti, hækkunin gæti verið tiltölulega meiri framan af ári og minni á síðari hluta ársins, en til þess að meðalhækkun fari ekki yfir 33% yrði hækkunin frá upphafi til loka ársins að vera töluvert minni.“

Miðuð við þær aðstæður, sem nú eru í efnahagsmálum, vekur það athygli, að reiknitala frumvarpsins stenst ekki nema að stórlega dragi úr verðbólgunni og hún verði ekki meiri en 27% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári.

Brestir þær forsendur og verðbreyting reynist meiri milli ára en 33% og 27% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári hlýst augljóslega af því verðryrnun allra fjárveitinga að raungildi sem eru fastar í krónutölu, t. d. allra framkvæmdaframlaga.

Hér skal tekið dæmi, sem Vegagerð ríkisins reiknaði og forráðamenn hennar tóku með sér á fund fjárveitinganefndar til að lýsa áhyggjum sínum yfir.

Fjárvöntun til þess að framkvæmdagildi fjárveitinga til vegagerðar haldist yrði svo sem hér segir:

Verðhækkun milli ára eða reiknitölur	33%	40%	45%
Fjárvöntun m.kr.	3.7	17.3	34.4

Þannig hefur slíkur reiknitöluútreikningur sjálfvirknan niðurskurð í för með sér á framkvæmdafé í fastri krónutölu ef verðbólgan verður meiri en 27% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári.

2. Pensla eyðsluútgjalda ríkissjóðs.

Að því er vikið í greinargerð frumvarpsins, að heildarútgjöld samkvæmt því verði 28.1% af þjóðarframleiðslu eða svipað hlutfall og í ár. Þessi útreikningur er auðvitað villandi og gefur alranga mynd af aukningu ríkisumsvifanna. Eyðsluútgjöld ríkissjóðs hafa hækkað langt umfram verðlagshækkunar á síðustu árum. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1981 hækkuðu rekstrarliðir samtals um 55.7% frá fjárlögum fyrra árs, en þá var miðað við 42% verðhækkun milli ára. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrarliðir um 44,5%, en reiknitala almennra verðhækkana er 33%. Fjárveitingar til stofnkostnaðar og fjármagnstílfærslan hækka samkvæmt frumvarpinu einungis um 20.4% frá árinu í ár. Þar er m. a. um að ræða framlög af skatttekjum til fjárfestingarsjóða. Þessi útgjöld eru stórlega skorin niður, en atvinnuvegasjóðirnir látnir taka lán í staðinn. Á þennan hátt er fjárveitingum ýtt út fyrir A-hluta ríkisgeirans og heildarútgjaldatölur í honum gerðar ósambærilegar milli ára. Hefðu útgjaldaliðir frumvarpsins, sem nefnast fjárfestingar og fjármagnstílfærslur, hækkað um 33%, þ. e. a. s. um almennu verðlagsforsendur frumvarpsins, hefðu útgjöld þess hækkað í 7 977 millj. kr., sem er 29.5% af áætlaðri þjóðarframleiðslu á næsta ári.

Pensla ríkisútgjalda og umsvifa í heild sést einnig á því, hve ráðstöfunarfé ríkisins og fyrirtækja þess hefur aukist bæði að því er varðar skatta og auknar lántökur, svo sem vikið er að síðar. Þróunin er því augljós og furdulegt að með talnablekkingum sé reynt að fela þá staðreynd. Á það má m. a. benda í þessu sambandi, að í ræðu fjármálaráðherra við 1. umr. um frumvarpið kom fram, að tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa hækkað fyrstu 9 mánuði yfirstandandi árs um 60—61%, og varla verður annað sagt en það sé úr takt við almenna verðþróun í landinu.

	Hækkun frv. frá fjárlögum í %	Frávik frá 33%-reiknitölu
Rekstrarliðir samtals	44.5%	+11.5%
Stofnkostnaður og fjármagnstílfærslur	20.4%	-13.4%

3. Aukning skattheimtu.

Undanfarin ár hefur skattbyrði aukist ár eftir ár ýmist vegna álagningar nýrra skatta, t. d. gjalds á ferðalög til útlanda, orkujöfnunargjalds, skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði eða hækkana söluskatts, vörugjalds, tekju- og eignarskatts. Þá hafa skattar til sveitarfélaga hækkað á sama tíma. Skattar til ríkisins voru 25% af þjóðarframleiðslu 1977, en skv. frv. í ár telur Þjóðhagsstofnun að þeir nemi 28.4%. Hér er um að ræða hækkun sem nemur 3.4% af þjóðarframleiðslu eða 920—930 m.kr., þ. e. a. s. tæpum 100 milljörðum gamalla króna. Þetta þýðir 20 þús. kr. aukna skattbyrði á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. (Sjá nánar yfirlit yfir hækkun einstakra skatta frá 1978 í III. kafla.)

Skv. nýrri tekjuspá Þjóðhagsstofnunar hækka innheimtir skattar til ríkisins á árinu 1982 um 44% og er þá um að ræða sömu verðforsendur og miðað er við í útgjaldahlíðinni, þ. e. a. s. 33%. Skattarnir aukast því fram yfir þær verðlagsforsendur og nánast í takt við eyðsluútgjöld ríkissjóðs, sbr. það sem áður segir.

Á yfirstandandi ári hækka skattar til ríkissjóðs vegna hækkandi tollhlutfalls af innflutningi. Ástæðan er talin mikill innflutningur hátollavöru, auk þess sem innfluttum bifreiðum fjölgar. Á árinu 1980 voru fluttar inn 8 650 bensínbifreiðar, en í ár um 9 000, og í tekjuáætlun er gert ráð fyrir svipaðri tölu innfluttra bíla. Þessi hagstæða þróun fyrir ríkissjóð kemur að sjálfsgöðu fram gagnvart almenningi sem aukin skattbyrði.

Nú er álitid að tekjur hækki almennt milli áráanna 1980 og 1981 um 51—52%, í stað þess að í forsendum frv. var gert ráð fyrir 50% tekjubreytingu og skattvísitölu 150 í samræmi við það. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar gáfu fjárveitinganefnd þær upplýsingar, að þessi hækkun tekna almennings mundi hafa í för með sér 5—6 millj. króna auknar tekjur fyrir ríkissjóð ef skattvísitölu yrði breytt í 152, en 20 til 30 millj. króna tekjuauka að óbreyttri skattvísitölu. Hvert skattvísitölustig sem er lægra en tekjubreyting, er áætlað auka tekjur ríkissjóðs um 15—16 millj. króna þannig að hér er um varfærna áætlun að ræða. Ekki er áætluð hækkun á tekjum ríkissjóðs vegna þessara breyttu forsendna um hækkun tekjuskatts.

Öll kurl virðast ekki heldur komin til grafar um nýja skattheimtu, þ. e. a. s. svonefnt byggðalínugjald, sem sagt er að sé í athugun hjá ríkisstjórninni skv. skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, en það á skv. henni að nema 40 millj. króna. Ekki er gert ráð fyrir því í tekjuáætluninni.

Eignarskattar hækka enn skv. frv. langt umfram aðra skatta til ríkisins, en svo hefur jafnan verið í tíð núverandi ríkisstjórnar. Skv. nýrri áætlun Þjóðhagsstofnunar hækka þeir um 61.6% frá fjárlögum í ár, en tekjuskattar einstaklinga um 53.6%. Skattbyrði þessara skatta á greiðsluári eykst verulega frá því í fyrra miðað við þessar áætlanir.

Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar eykst skattbyrði eignarskatta einstaklinga frá 1981 skv. þessum áætlunum miðað við **tekjur greiðsluárs** og forsendur frv. sem hér segir:

Eignarskattur einstaklinga:

	Álagning m.kr.	% af tekjum greiðsluárs
1981	67.7	0.51%
1982	104.0	0.58%

Eignarskattur einstaklinga, tekjuskattur, sjúkratryggingargjald og nefnskattur:

	Álagning m.kr.	% af tekjum greiðsluárs
1981	787.7	6.0%
1982	1 192.9	6.7%

Það vekur sérstaka athygli í frv. til fjárlaga 1982, að dyggilega og markvisst er haldið áfram á þeirri braut að taka í síauknum mæli skatta, sem lagðir hafa verið á í sérstöku skyni, til þess að standa undir almennum eyðsluútgjöldum ríkissjóðs. Þar má t. d. nefna erfðafjárskatt, sem átti að renna m. a. til endurhæfingar fatlaðra, skemmtanaskatt, sem á að renna til félagsheimilassjóðs o. fl. Þá er byggingarsjóðsgjald, sem áður reiknaðist af ýmsum skattstofnum, fellt inn í almenna skattkerfið án lækkunar þeirra álaga. Það rennur nú í raun í ríkissjóð, en áður fór það í Byggingarsjóð ríkisins.

„Orkujöfnunargjald“, 1½% á söluskattsstofn, sem er áætlað 192 millj. króna skv. tekjuáætluninni, var lagt á í því skyni að afla fjár til olíustyrkja til húshitunar og orkumála. Það fer skv. frumvarpinu að verulegum hluta í ríkissjóð til almennra þarfa.

Í ár (1981), rennur þetta gjald þó að miklu leyti í beinar fjárveitingar til orkumála, en skv. frv. verður þessu öfugt farið á næsta ári.

Þetta dæmi lítur þannig út um skil „orkujöfnunargjalds“ annars vegar í ríkissjóð og hins vegar til olíustyrkja og beinna fjárveitinga til orkumála 1981 og skv. frv. 1982:

	1981 Fjárl. nkr.	1982 Frv. nkr.
Orkujöfnunargjald	130 000	192 000
Frá dragast:		
Beinar fjárv. til Orkusjóðs	-47 520	-45 100
Krafla, fjármagnsútgj.	-36 450	0
Félagsl. framkv.		
RARIK	-10 000	-5 000 ¹⁾
Olíustyrkir	-30 000 ²⁾	-30 000
Ýmis orkumál	-2 650	-6 300
„Hagnaður“ ríkissjóðs á „orkujöfnunargjaldi“	3 380	105 600

1) Afb. og vextir af lánum RARIK sem ríkissjóður tekur á sig.

2) Áætluð raunveruleg útgjöld vegna olíustyrkja, en þeir áttu skv. fjárl. að nema 50 millj. króna.

Hvorki meira né minna en 105 millj. nýkróna (10,5 milljarðar gkr.) fara til eyðslu ríkissjóðs af þessu gjaldi, sem lagt var á til þess að jafna hitunarkostnað og sinna brýnum orkumálum, og ekki er lengra síðan en á árinu 1980, að þessi skattur var lagður á í þessum fráma tilgangi. Það er því ekki á eina bókina lært hvernig fjármunir eru teknir af skattborgurum í eyðsluhít ríkissjóðs.

4. Auknar lántökur.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir lántökum til A- og B-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja sem nema 1 215,9 millj. kr., þar af eru erlend lán að upphæð 695 970 millj. kr., sem er rúmlega þrettánföldun frá 1978. Lántökur verða nú 13,5% af heildarráðstöfunarfé ríkissjóðs (þ. e. tekjum + lántökum), en þetta hlutfall var 1978 6,9%. Þannig hafa umsvif ríkissjóðs aukist fram yfir skattahækkarnir. Tekjur ríkissjóðs og áætlaðar lántökur til A- og B-hluta eru samtals 9 015 millj. kr. eða 33,4% af þjóðarframleiðslu.

Lántökur samkvæmt greiðslufirliti fjárlaga hafa verið sem hér segir frá 1978 í millj. nýkr.:

Ár	Erlend lán	Önnur lántaka	Samtals
1978	48 660	55 860	104 520
1979	56 480	96 240	152 720
1980	213 600	180 370	393 970
1981	283 840	358 100	641 940
1982	695 970	520 000	1 215 970

Lántökurnar voru sem hlutfall af heildarráðstöfunarfé fjárlaga:

1978	6,9%
1979	6,8%
1980	10,2%
1981	10,4%
1982	13,5%

samkvæmt frumvarpinu.

Hér er augljóslega hættuleg þróun á ferðinni og er greinilegt að skattahækkarnir undanfarinna ára hafa ekki nægt til þess að auka ríkisumsvifin, heldur er sífellt gripið til aukinnar lántöku, sem er auðvitað ávísun á skattahækkarnir síðar. (Um erlendar lántökur þjóðarbúsins í heild verður fjallað síðar.)

Samtímis auknum lántökum erlendis, eins og fram kemur hér að framan, er gert ráð fyrir að spariskírteinaútgáfa ríkissjóðs innanlands aukist um 66,6% frá því í ár samkvæmt lánsfjáráætlun, lántökur í bankakerfinu aukist um 102% og verðbréfakaup lífeyrissjóða verði svipuð og í ár, þótt fyrir liggi að ekki hefur tekist að afla nærri því allra þeirra lána í lífeyrissjóðunum til opinberra þarfa sem stefnt var að í lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár og bent var á að hætta væri á í umræðunum á Alþingi í fyrra, enda er ríkissjóður í harðri samkeppni á þessum markaði við atvinnuvegina um lánsfé.

Til marks um fullkomið ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar í lánsfjáröflun skortir nú milli 90 og 100 millj. kr. á að takist að afla fjár til Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs í ár samkvæmt lánsfjáráætlun, og er þá gripið til þess ráðs, sem er óþekkt fyrirbrigði áður, að láta Byggingarsjóð ríkisins, sem verður að setta sig við niðurskorið framlag úr ríkissjóði, neyðast til að taka 40 millj. kr. lán í Seðlabankanum. Og Framkvæmdasjóði er vísað á erlenda lántöku til þess að standa að nokkru við lánsfjárloforð sín til atvinnuvegasjóðanna.

Lántökugleði ríkisstjórnarinnar virðast lítil takmörk sett. Þannig hefur Sementsverksmiðja ríkisins verið látin taka 10 millj. kr. erlent lán til þess að endar nái saman í rekstrinum. Bygðasjóði, sem fær skert ríkisframlag ár eftir ár, er sagt að taka stórlán erlendis til að fleyta þeim tugum fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu sem rekin eru með mesta tapinu. Í nýútkominni skýrslu Landsvirkjunar kemur fram, að síðustu ár hefur fyrirtækið orðið að taka lán vegna hallarekstrar og nemur sú fjárhæð 1 470 millj. gamalla króna fyrir árið 1980. Slík dæmi mætti rekja lengi.

Flestar leiðir hafa verið reyndar í lántökum ríkissjóðs og skuldasöfnun. Þannig hefur skuldastaða ríkissjóðs við almannatryggingar aukist sem hér segir undanfarið ár (skuldastaða ríkissjóðs í árslok, millj. nýkr.):

1977	12 756
1978	27 232
1979	63 698
1980	92 861

Skuldin hefur rúmlega sjöfaldast og hækkað frá 1978 um 80 105 þús. nýkrónur eða rúmlega 8 milljarða gamalla króna.

Skuld við sjúkrasamlög er ekki meðtalin í þessum tölum og ekki sá skuldabaggi daggjalda-sjúkrahúsa, sem hefur vaxið umfram verðlag að undanfögnu og lendir að mestu á ríkissjóði árið eftir að til hans er stofnað.

5. Samdráttur fjárveitinga til sjóða og framkvæmda.

Skv. frv. er haldið áfram þeirri stefnu að skerða framlög úr ríkissjóði til stofnlánasjóða, bæði hreinna fjárfestingarlánasjóða og sjóða sem hafa félagsleg markmið. Stofnlánasjóðir eiga að sjálfsgöðu að ávaxta fé sitt á eðlilegan hátt og verðtryggja, en skerðing fjárveitinga til þeirra á að koma fram í skattalækkun, sérstaklega á atvinnuvegina, en ekki verða til þess að auka svigrúm til eyðsluútgjalda ríkissjóðs, svo sem gert hefur verið ár eftir ár undanfarið.

Hér skulu tilfærð nokkur dæmi um aukinn niðurskurð fjárveitinga til nokkurra þessara sjóða á föstu verðlagi síðustu þrjú árin skv. útreikningum fjárlaga- og hagsýslustofnunar (verðlag fjárlagafrv., þús. kr.):

	1980 nýkr.	1981 nýkr.	1982 nýkr.
Stofnlánadeild landbúnaðarins	6 673	9 735	10 222
Fiskveiðasjóður	11 676	17 756	21 760
Aflatryggingasjóður	5 806	7 084	8 880
Hafnabótasjóður	762	745	657
Félagsheimilassjóður	527	1 688	3 145
Framkvæmdasjóður öryrkja	2 646	3 990	1 410
	28 090	40 998	46 074

Þannig hefur niðurskurðurinn aukist að raungildi þessi ár um tæpar 18 millj. króna einungis til framangreindra sjóða.

Miklu fleiri dæmi eru um niðurskurð fjárveitinga til mikilvægra sjóða en hér hafa verið rakin. Þar er t. d. um að ræða Byggðasjóð, Orkusjóð, Byggingarsjóð ríkisins, Iðnlánasjóð og Erfðafjárjóð. Framlög til þessara sjóða eru skert miðað við lög og raungildi fyrri fjárveitinga skv. frv. sem hér segir:

5.1. Byggðasjóður:

Skv. lögum um Byggðasjóð skal ríkisframlag til sjóðsins ekki vera minna en svo, að ráðstöfunarfé hans nemi 2% af útgjaldafjárhæð fjárlagafrv. Í grg. frv. er þess getið, að fjárveitingin 1982 sé miðuð við að ráðstöfunarfé hans sé 1,6% af útgjaldahlíð frv. með því að sjóðurinn taki 50 m. kr. lán. Ef fullnægja ætti lögum yrði **framlag til sjóðsins 84 m. kr. hærra en frv. gerir ráð fyrir** og 34 m. kr. hærra þótt lántaka sé viðurkennd sem framlag.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til Byggðasjóðs hafa verið sem hér segir (þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag 1978	1978 =100
1978	20 790	20 790	100
1979	24 580	16 778	80
1980	26 350	11 577	56
1981	37 500	10 708	51
1982	52 500	11 270	54 ¹⁾
1982	(52 500)	(10 707)	51 ²⁾

Fast verðlag er reiknað út frá breytingu á byggingarvísitölu:

- 1) Fyrri talan 1982 reiknuð miðað við reiknitölu frv. eða 27% verðbólgu á næsta ári.
- 2) Síðari talan miðuð við meiri verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári, þ. e. a. s. um 40%.

Niðurstaðan er sú, að fjárveitingar til Byggðasjóðs hafa lækkað að raungildi um helming síðan 1978. Fjárveiting 1982 þyrfti að vera 96 900 þús. kr. í stað 52 500 ef hún hefði átt að hafa sama raungildi og fjárveitingin 1978.

5.2. Orkusjóður:

Sama gildir um fjárveitingar til Orkusjóðs. Þær hafa lækkað síðan nýja „orkujöfnunargjaldið“ var lagt á 1980 og alveg sérstaklega skv. fjárlagafrv.

Verðjöfnunargjald á raforku er fært til tekna í fjárlagafrv. og er innifalið í fjárveitingum til Orkusjóðs, en greiðist þaðan til RARIK og Orkubús Vestfjarða. Hér er hrein fjárveiting talin að frádregnu verðjöfnunargjaldinu (þús. kr.):

1980	51 890
1981	83 970 (hluti v/fjármagnskostn. v. Kröflu)
1982	45 100

Fjárveiting þyrfti að vera í ár 106 millj. króna ef raungildi fjárveitingar 1980 ætti að haldast. Skerðing er 54 millj. eða rúmlega 100%.

5.3. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna:

Nákvæmlega sama þróun hefur átt sér stað um beinar fjárveitingar til byggingarsjóða í vörslu húsnæðismálastjórnar. Sá munur er þó á, að skv. lögum áttu 2%-stig af launaskatti að renna í Byggingarsjóð ríkisins og svonefnt byggingarsjóðsgjald, sem var 1% álag á tekju- og eignarskatt og aðflutningsgjöld. Árið 1979 var tekið upp á því að skerða þessi mörkuðu gjöld, sem þó höfðu verið lögð á í þessu skyni með samningum milli launþega og ríkisvaldsins á sínum tíma. Skerðing launaskatts var 620 millj. gamalla króna 1979, 3 660 millj. gkr. 1980. 1981 var 1%-stig fellt niður — tekið í ríkissjóð — en hluti skattsins látinn renna í Byggingarsjóð verkamanna. Í lögum um húsnæðismálastjórn o. fl., sem breytt var 1980, voru afnumin bein ákvæði um hversu mikill hluti launaskatts gengi til húsnæðismála, nema 1% skyldi renna í Byggingarsjóð verkamanna, byggingarsjóðsgjald var afnumið sem markaður tekjustofn, en áður nefndir skattar, sem það lagðist á, ekki lækkaðir. Eftir stendur enn í lögum um launaskatt að 2%-stig af 3 1/2% alls eða rúmlega helmingur hans skuli renna í Byggingarsjóð ríkisins, enda hefur hluti skattsins ætíð verið lagður á með þeim rökstuðningi.

Allar þessar tilfæringar hafa skert beinar fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, þótt skattarnir hafi áfram verið lagðir á.

Séu beinar fjárveitingar í báða sjóðina lagðar saman er þróunin þessi frá 1978 (þús. kr.):

	Verðlag hvers árs nýkr.	Verðlag 1978
1978	50 890	50 890
1979	64 507	44 032
1980	75 330	33 097
1981	118 000	33 695
1982	168 514	36 177

Raungildi beinna fjárveitinga skv. frv. er 30—33% minna til beggja sjóðanna en 1978.

Sé á hinn bóginn athugað, hvernig fjárveitingarnar skiptast milli sjóðanna, hefur raungildi fjárveitinga til Byggingarsjóðs verkamanna hækkað en minnkað til Byggingarsjóðs ríkisins sem nemur 426 967 millj. króna. Það er nú um 1/7 þess sem það var 1978. Þessi stefnubreyting varð 1981, þegar ákveðið var að 1%-stig launaskatts rynni í Byggingarsjóð verkamanna, en ríkisframlag til Byggingarsjóðs ríkisins var skorið niður um hærrí fjárhæð en sem því nam.

5.4. Iðnlánasjóður:

Um Iðnlánasjóð gilda ekki lagaákvæði um ríkisframlög, en það er til marks um stefnuleysi niðurskurðar á framlögum til sjóðanna skv. frv., að fjárveitingar eru ákveðnar þannig til eftirgreindra sjóða:

	1981 þús. kr.	1982 þús. kr.	Breyting
Stofnlánadeild landbúnaðarins	10 830	15 160	+ 40%
Fiskveiðisjóður	18 540	25 960	+ 40%
Iðnlánasjóður	4 250	500	- 88%

Séu Iðnlánasjóður og Iðnrekstrarsjóður bornir báðir saman kemur eftirfarandi í ljós:

	1981 þús. kr.	1982 þús. kr.	Breyting
Iðnlánasjóður	4 250	500	
Iðnrekstrarsjóður	1 500	10 000	
Aðlögunargjald	5 500	—	
	11 250	10 500	- 6,7

Iðnrekstrarsjóður er ekki fjárfestingarsjóður. Hann sinnir útflutningsaðgerðum og vöruþróun. Þess vegna ber í raun að líta á þessa sjóði sinn í hvoru lagi. Sú stefna stingur í augun sem fram kemur í þessum fjárlagatillögum gagnvart þeim atvinnuvegi sem þarf fyrst og fremst að vaxa og taka við viðbótarvinnuafla sem kemur á vinnumarkaðinn næstu árin. Slíkt handahóf er forkastanlegt.

5.5 Yfirlit um skerðingu til stofnlána- og fjárfestingarlánasjóða skv. lögum.

(Verðlag hvers árs, þús. nýkr. — Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.)

	1980	1981	1982
Stofnlánadeild landbúnaðarins	3 533	7 320	10 222
Lánasjóður sveitarfélaga	1 062	1 350	1 950
Fiskveiðisjóður	6 181	13 350	21 760
Ferðamálasjóður	130	150	70
Félagsheimilásjóður	279	1 269	3 145
Hafnabótasjóður	403	560	657
Aflatryggingasjóður	3 072	5 326	8 880
Landkaupasjóður	80	100	—
Framkvæmdasjóður	1 400	3 000	1 410
Bjargráðasjóður	615	300	—
Ferðamálaráð	—	1 660	3 343
Byggðasjóður	33 820	57 000	84 000 ¹⁾
Iðnrekstrarsjóður	—	—	1 120

1) Eigin útreikningur skv. lögum.

Sjá enn fremur texta um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, Orkusjóð og fleiri sjóði hér að framan.

5.6. Samdráttur fjárveitinga til framkvæmda.

Þótt ríkisumsvifin hafi þanist út með aukinni skattheimtu og lántökum hafa fjárveitingar til framkvæmda dregist sífellt saman á ýmsum sviðum, einkum þeim sem mikilvæg eru flestum minni byggðarlögum. Hér fara á eftir nokkur dæmi um þennan samdrátt undanfarin ár (þús. kr.):

1. Til hafnaframkvæmda:

Ár	Fjárv. á verðl. hvers árs	Fjárv. á verðl. 1978	1978 = 100	Byggingar- vísitala
1978	11 700	11 700	100	(217)
1979	15 284	10 432	94	(318)
1980	21 957	9 642	82	(494)
1981	31 915	9 113	73	(760)

Ár	Fjárv. á verðl. hvers árs	Fjárv. á verðl. 1978	1978 = 100
2. Til grunnskólabygginga:			
1978	13 760	13 760	100
1979	19 795	13 512	98
1980	27 780	12 206	89
1981	42 470	12 127	88
3. Íþróttamannvirki:			
1978	2 476	2 476	100
1979	3 226	2 202	89
1980	4 976	2 186	88
1981	7 000	1 999	81
4. Sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og læknisbústaðir:			
1978	13 000	13 000	100
1979	18 450	12 593	97
1980	30 800	13 532	104
1981	50 000	14 278	110

Ath.: Heilsugæslulögin um 85% þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði voru smám saman að koma til framkvæmda fyrir þetta tímabil. Fjárveitingar í raun hafa þó sáralítið hækkað sum árin, þrátt fyrir stóraukin verkefni í takinu.

Skv. frv. áttu öll þessi framkvæmdaframlög að lækka enn verulega, en í meðförum fjárveitinganefndar og skv. tillögum hennar varð nokkur hækkun þessara viðkvæmu fjárlagaliða. Erfitt er að meta hvort þessir fjárlagaliðir halda raungildi sínu frá fyrra ári vegna þess að raunveruleg verðbólga á næstunni skiptir sköpum í því efni. Reynslan verður að leiða það í ljós, en framangreind þróun síðustu ára talar sínu máli.

6. Markaðar tekjur sem teknar eru til almennra útgjalda ríkissjóðs:

Í frumvarpinu er haldið áfram á þeirri braut að gera upptækar tekjur í ríkissjóð sem skv. lögum er aflað í tilteknu skyni. Svo er t. d. um erfðafjárskatt, skemmtanaskatt og launaskatt.

Þessi tekjuupptaka ríkissjóðs sundurliðast þannig skv. frv.:

	Pús. kr.
1. Hluti erfðafjárskatts	4 000
2. Hluti skemmtanaskatts	3 145
3. Hluti launaskatts	54 114

Samt. 61 259

Erfðafjárskattur er innheimtur á þeim forsendum að efla Erfðafjárjóð, en hlutverk hans er m. a. að styrkja endurhæfingu fatlaðs, lamaðs eða sjúks fólks. Þess má geta, að erfðafjárskattur á yfirstandandi ári var áætlaður 8 millj. króna, en verður 9—10 millj. króna skv. nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Hins vegar fer föst krónutala, 6 millj. króna, í Erfðafjárjóð af skattinum. Skerðing hans verður því í reynd 3—4 millj., en skv. fjárlögum átti að vera um 2 millj. króna skerðingu að ræða.

Hliðstæð vinnubrögð hafa verið viðhöfð síðan 1979. Lánsfjárlög takmarka framlög af mörkuðum tekjustofnum við ákveðna krónutölu, en ríkissjóður hirðir kúfinn sem venjulega myndast vegna krónutöluhækkunar tekjustofnsins frá fjárlagaáætlun. Þannig hefur farið um erfðafjárskattinn, launaskattinn og skemmtanaskattinn. Miklu hærrí fjárhæðir en fjárlög greina renna í ríkissjóð, en ekki til lögboðinna viðfangsefna sem skattarnir eiga að fara til.

Skemmtanaskatturinn á að renna til Félagsheimilaskjólss og virðist því sumum mönnum þykja bera brýna nauðsyn til að skerða þann tekjustofn og gera upptækan hluta hans í ríkissjóð.

Launaskattur á skv. lögum um álagningu hans og innheimtu að renna til Byggingarsjóðs ríkisins, þ. e. a. s. 2%-stig af 3½% sem skatturinn nemur á launaskattsstofn. 2% launaskatts gefa skv. áætlun fjárlagafrumvarpsins 222,6 millj. króna í tekjur. Nú rennur helmingur þess í Byggingarsjóð verkamanna að sögn stjórnvalda, en allt ríkisframlag til Byggingarsjóðs ríkisins er einungis 57 200 þús. kr. Því skortir a. m. k. 54 100 þús. kr. á að þessum skatti sé skilað til húsnæðismála skv. lögum.

Fleiri skattar, sem lagðir voru eða eru á gjaldendur í ákveðnu skyni, hafa verið teknir í ríkissjóð, ýmist um stundarsakir eða að fullu og öllu. Það má nefna byggingarsjóðsgjald, sem er innheimt, en hefur breytt um nafn. Orkujöfnunargjald hefur áður borið á góma. Jöfnunargjald á að fara að 2/3 til iðnþróunaraðgerða, en 1/3 renna í ríkissjóð skv. gerðu samkomulagi við samtök iðnaðarins. Á það skortir 3 060 þús. kr. skv. tekjuáætlun frumvarpsins nú. Sama er að segja um aðlögunargjald. Það hefur legið í ríkissjóði langtímum saman áður en því hefur verið varið til þeirra verkefna sem það er á lagt til. Þegar þessi skattur er innheimtur bókast hann sem tekjur í ríkissjóð, en ekki til skuldar og gjalda. Slík framkvæmd skattlagningar sýnir ranga mynd af raunverulega ríkisrekstrinum, auk þess sem raungildi gjaldsins rýrnar til þeirra hluta sem það var ætlað, en hyglir ríkissjóði að sama skapi. Hér fer á eftir skýrsla fjárlaga- og hagsýslustofnunar um innheimtu og álagningu aðlögunargjalds, sem sýnir glögg hversu lengi ríkissjóður hefur þennan skatt í veltunni:

	M. kr.	
Innheimt 1979	768	
Ráðstafað 1979	700	
1. Greiðslur fyrir fyrirtæki (uppsafnað óhagræði)	521	
2. Starfsþjálfun í fata-, ullar- og skinnaiðnaði	30	
3. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins	45	
4. Steinull og stálbræðsla	24	
5. Iðnþróunaráætlun fyrir Norður- og Austurland	10	
6. Saltvinnsla á Reykjanesi	70	
Innheimt 1980	2 244	
Ráðstafað 1980	729	
1. Til Iðnrekstrarsjóðs	500	
2. Til iðnþróunaraðgerða	61	
3. Til nýiðnaðaraðgerða	80	
4. Til starfsþjálfunar	83	
5. Til svæðisáætlana um iðnþróun	5	
	M.kr.	Þús.
Innheimt 1981:	0	
Ráðstafað 1981 (greiðsla frá fyrra ári)	1 050	(10 500)
1. Til Iðnrekstrarsjóðs	550	(5 500)
2. Til iðnþróunaraðgerða	150	(1 500)
3. Til nýiðnaðaraðgerða	150	(1 500)
4. Til starfsþjálfunar	140	(1 400)
5. Til svæðisáætlana um iðnþróun	60	(600)

7. Ríkisreikningur — fjárlög. Umfang ríkisumsvifa.

Ríkisreikningur er gerður upp á greiðslugrunni. Þó eru þar veruleg frávik. T. d. eru söluskattstekjur og aðrar, sem stafa af veltu desembermánaðar, bókfærðar á viðkomandi ár þótt þær komi inn í janúar á næsta ári. Ýmis gjaldfallin rekstrarútgjöld ríkissjóðs, sem ekki greiðast á viðkomandi ári, eru ekki bókfærð fyrr en þau eru greidd. Þetta er í samræmi við lög þar um.

Hér að framan hefur verið tíundað hversu miklar fjárhæðir er verið að færa út úr A-hluta ríkisreiknings yfir í B-hluta eða út fyrir ríkisreikninginn. Heita má að ekki sé hægt að henda reiður á samanburði ríkisútgjalda skv. A-hluta nema með miklum aukalegum debet- og kredit-færslum af þessum sökum, ef bera á saman milli ára.

Sum fjármagnsútgjöld ríkissjóðs, t. d. vegna byggðalína, færast ekki sem vextir, a. m. k. ekki á fjárlögum. Lán eru einfaldlega tekin fyrir framkvæmdum, afborgunum og vöxtum og allt fært á lánsfjáráætlun sem fjárfesting.

Augljóst er að marklítið er annars vegar að leggja mikið upp úr bókhaldslegum jöfnuði á rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs, þegar þannig er í pottinn búið, og þaðan af síður að mæla umsvif ríkisgeirans með útgjöldum A-hluta ríkisreiknings eða fjárlaga og bera saman milli ára, þegar það virðist stefnuatriði að gera þessar stærðir ósambærilegar.

Brýn nauðsyn er að undirbúa nýja löggjöf um ríkisreikning og fjárlagagerð þannig að betri yfirsýn og samanburðargrundvöllur sé á rekstrar- og greiðslustöðu ríkissjóðs milli ára og betri mælikvarði fái á raunveruleg ríkisumsvif. Flest lönd fara í þessu efni að samræmdum reglum um ríkisreikningsuppgjör, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur tekið saman og þykir hafa gefið góða raun.

III. Almenn efnahagspróun á valdatíma Alþýðubandalags og Framsóknar frá 1978.

Eftir kosningarnar 1978 tók ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar við völdum, önnur ríkisstjórnin á síðasta áratug sem nefndi sig vinstri stjórn. Hún hrökklaðist frá eftir eins árs hávaðasaman valdaferil. Eftir desemberkosningarnar 1979 var núverandi ríkisstjórn mynduð. Í báðum þessum ríkisstjórnnum hafa Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn haft úrslitavöld. Þeir hafa stjórnað með úrræðum hafta, banna, miðstýringar og skattafargans svo sem áður er lýst. Til þess að gefa nokkra mynd af „árangri“ eða öllu heldur afleiðingum þessarar vinstri stefnu verður hér rakin próun ýmissa þátta efnahagsmála á þessu tímabili:

1. Afli — Þjóðarframleiðsla.

1.1. **Sjávarafli** hefur aukist ár frá ári á þessu tímabili, sérstaklega þorskafla, sem er mikilvægasta hráefni fiskiðnaðarins. Þetta má rekja til víðtækra friðunaraðgerða og útfærslu landhelginnar í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar og Matthíasar Bjarnasonar sem sjávarútvegsráðherra. Próunin hefur verið sem hér segir:

Botnfiskafla alls:

1978	479	þúsund tonn	
1979	578	þúsund tonn	
1980	659	þúsund tonn	
1981	680	þúsund tonn	(áætlun)

þar af þorskur:

1978320 þúsund tonn	
1979360 þúsund tonn	
1980428 þúsund tonn	
1981450 þúsund tonn	(Þjóðhagsáætlun)

Óhætt er að fullyrða að þjóðin geti nýtt sér 130 til 150 þúsund tonna meiri þorskafla í ár en á árinu 1978, eða nærri 50% meiri afla af þessu mikilvægasta hráefni fiskiðnaðarins.

Verð á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum hefur einnig verið gott þegar á heildina er litið, t. d. eru saltfiskur og skreið í mjög háu verði. Þótt nokkurrar stöðnunar á verði frystra afurða hafi gætt og verðlækkunar á mjöli og lýsi, er talið að verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar hafi aukist í ár um 3% vegna verðhækkana erlendis. Stórfelld hækkun á gengi Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði hefur og bætt ytri skilyrði sjávarútvegsins.

1.2. Þjóðarframleiðslan hefur aukist sáralítið á þessu tímabili, þrátt fyrir aflaaukninguna og góðæri í sjávarútvegi. Á árunum 1977 og 1978 óx þjóðarframleiðslan á mann samtals um 9%, en árin 1979 til og með 1982 er þessi aukning á tvöfalt lengri tíma talin verða 3.7% í heild. Vöxtur þjóðarframleiðslunnar á mann hefur verið sem hér segir:

1977 5.2%	
1978 3.6%	
1979 1.9%	
1980 1.6%	
1981 0.2%	
1982 0	(Þjóðhagsáætlun)

2. Kaupmáttur og viðskiptakjör.

2.1. Kaupmáttur taxtakaups launþega og bóta elli- og örorkulífeyrisþega hefur öll þessi ár „sigið“, eins og formaður Verkamannasambands Íslands kýs að kalla þá þróun. Miðað við 3. ársfjórðung 1978 hefur kaupmáttur launþega innan ASÍ rýrnað um 7% á sama ársfjórðungi í ár og opinberra starfsmanna um 10.4%. Elli- og örorkulífeyrisþegar með tekjutryggingu njóta eilítið lakari kaupmáttar nú en 3. ársfjórðung 1978, og kaupmáttur almenns ellilífeyris er 9.5% minni nú en á þriðja ársfjórðungi 1978 (sjá nánar á töflu hér á eftir).

Það er kaldhæðnislegt, að nú telja forustumenn launþega að allt að 20% skorti á að kaupmáttur „sólstöðusamninganna“ frá 1977 náist, sbr. kröfugerð opinberra starfsmanna. Sú krafa var gerð til ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, að þessir samningar „tækju gildi“ á árinu 1978, þ. e. a. s. að kaupmáttur þeirra næðist þá. Þeirri kröfu var framfylgt með ólöglegum vinnustöðvunum og útflutningsbanni, auk þess sem hún var gerð að höfuðinntaki kosninganna 1978 með slagorðunum „kosningar eru kjarabaráttá“ og „samningana í gildi“.

Í eftirgreindri töflu má glöggst lesa það „lífskjarasig“ sem þeir menn m. a. bera ábyrgð á sem eru höfundar ofangreindra slagorða:

Kaupmáttur kauptaxta launþega og elli- og örorkulífeyris frá 1978:
 Upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun (3. ársfj. 78 = 100).

Ár	ASÍ	Opinb. starfsm.	Allir launþ.	Elli- og örorku- lífeyrisþegar	Elli- og örorku- lífeyrisþegar með tekju- tryggingu
1978					
3. ársfj.	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
4. ársfj.	100,8	102,7	101,5	100,9	101,4
1979					
1. ársfj.	100,4	103,5	101,4	100,6	101,7
2. ársfj.	98,1	101,8	99,3	96,6	97,8
3. ársfj.	98,2	98,0	98,1	96,7	98,1
4. ársfj.	95,1	95,0	95,1	94,0	95,0
1980					
1. ársfj.	95,5	95,3	95,4	94,2	95,6
2. ársfj.	91,5	91,2	91,3	90,3	92,0
3. ársfj.	91,4	93,5	92,1	90,2	93,4
4. ársfj.	95,8	92,8	94,8	93,3	97,2
1981					
1. ársfj.	94,8	91,1	93,7	91,6	96,9
2. ársfj.	92,7	89,1	91,6	89,9	97,3
3. ársfj.	93,0	89,6	91,9	90,5	98,2

2.2. Viðskiptakjör versnuðu gífurlega á árunum 1974 og 75 eða um tæp 26% samtals bæði árin. Þetta stafaði m. a. af fyrri olíuverðshækkuninni á heimsmarkaðinum. Þau fóru batnandi árin 1976 og 1977, stóðu í stað 1978, en versnuðu talsvert 1979, eða um 9.2%, vegna síðari olíuverðshækkunarinnar. Síðan hafa viðskiptakjörin sáralítið versnað í heild þar sem batinn í ár vegur verulega á móti því sem hallaðist á árið 1980. Þessi rýrnun viðskiptakjara 1979 skýrir á engan hátt það lífskjarasig sem orðið hefur á sama tíma sem úr er að spila nærri 50% meiri þorskafla í landinu í ár en 1978.

Athyglisvert er að ólíku er saman að jafna rýrnun viðskiptakjara 1979 eða 1974—75, enda var þá um að ræða eitt stærsta utanaðkomandi áfall sem Íslendingar hafa orðið fyrir, álíka og þegar síldin hvarf af miðunum á sínum tíma.

Viðskiptakjör hafa breyst sem hér segir undanfarin ár (breyting frá fyrra ári):*

1974	-9.8%
1975	-14.6%
1976	+12.7%
1977	+8.4%
1978	0
1979	-9.2%
1980	-3.4%
1981	+1.8%

3. Verðbólga — vísitölumöndl.

3.1. Verðbólgan:

Áratugurinn 1960—70 einkenndist af stöðugleika í efnahagsmálum. Menn töldu þó verðbólguna skaðvald, en hún var oft innan við 10% á ári. Á síðasta áratug varð verðbólgan að allt öðrum og illkynjaðri sjúkdómi. Sú þróun hófst á valdatíma fyrri vinstri stjórnarinnar 1971—74. Verðbólgan fór þá **úr tæpum 4% 1971 í tæp 50% árið 1974**. Úr verðbólgu dró verulega fram að kjarasamningunum 1977, þá var verðbólguhraðinn talinn vera 26%. Eftir það seig á ógæfuhliðina og **undanfarin ár hefur verðbólgan verið á milli 50 og 60%**.

Frá 1. nóvember 1978 hefur hækkunarferill framfærsluvísitölunnar verið sem hér segir:

	1978	1979	1980	1981	Spá Þjóð- hagsst. 1982
1. febr.		4.7%	9.1%	14.3%	12%
1. maí		12.4%	13.2%	8.1%	13%
1. ágúst		13.9%	10.1%	8.9%	11%
1. nóv.	6.3	15.9%	10.9%	9.9%	10%
12 mánuðir		55.4%	50.8%	47.8%	55%

Á þessum árum hefur mældur **framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar hækkað um hvorki meira né minna en 268.2%**. Það er kaldhæðnislegt, að allt þetta tímabil hefur verið í **gildi mismunandi hörð verðstöðvun!** Augljóst er að ekkert lát er þó á verðbólgunni þótt ríkisstjórnirnar, sem setið hafa þessi ár, hafi talið það eitt af höfuðmarkmiðum sínum að hamla gegn henni. Í stjórnarsáttmála er stefnu núverandi ríkisstjórnar lýst þannig, að á næsta ári eigi verðbólgan ekki að vera meiri en í nágrannalöndum okkar. Markmið „niðurtalningarstefnu“ hennar var, svo sem fyrr segir, að strax í fyrra ætti verðbólgan að vera 31% frá ársbyrjun til ársloka (sbr. forsendur fjárlaga 1980) og á næsta ári um eða innan við 10%. Framangreindar tölur sýna mynd sem er nærri hinum beiska veruleika, þótt þær segi ekki sannleikann að öllu leyti.

3.2. Vísitölumöndlið:

Núverandi ríkisstjórn hefur gripið til hugvitsamlegri og róttækari aðgerða til þess að hafa áhrif á útreikning og viðmiðun vísitölunnar en aðrar ríkisstjórnir í seinni tíð. Þessar „aðgerðir“ fela í sér ferns konar tilbrigði:

- 1) beina skerðingu verðbótavísitölu,
- 2) hörðustu verðlagshöft sem um getur í tvo áratugi,
- 3) frestun á verðhækkunum fram yfir útreikningsdag vísitölunnar,
- 4) nýja viðmiðun um síðustu áramót sem skekkir samanburð vísitalna milli ára.

3.3. Bein skerðing verðbótavísitölu:

Á undanförunum þremur valdaárum Alpýðubandalagsins og Framsóknar hefur verðbótavísitala á laun verið skert 10 sinnum. Skerðingin nemur 26.4% í verðbótum og er þá skerðingin 1. des. 1978 ekki meðtalin, en hún átti að „bætast“ með niðurgreiðslum 3%, skattalækkun 2% og félagsmálapökkum 3%.

Þetta eru athyglisverðar staðreyndir um stjórnarferil manna sem fyrr á árinu 1978 fundu upp slagorðið „kauprán“ um skerðingu verðbóta á laun.

Hér fer á eftir yfirlit yfir þessa verðbótaskerðingu:

1978	1. des.	8.01%	
1979	1. júní	3.16%	(Ólafslög)
1979	1. sept.	4.40%	—
1979	1. des.	2.65%	—
1980	1. mars	2.46%	—
1980	1. júní	1.53%	—
1980	1. sept.	1.55%	—
1980	1. des.	1.34%	—
1981	1. mars	1.37%	—
1981	1. mars	7%	(bráðabirgða- lög s. l. áramót)

3.4. Verðlagshöft og annar feluleikur:

Auk framangreindra skerðinga hefur ríkisstjórnin beitt svo hörðum verðlagshöftum, að t. d. Sementsverksmiðja ríkisins þarf að fá taprekstur bættan með erlendum lánum. Ríkisútvarpið og Póstur og sími eru ár eftir ár rekin með tapi, sem fyrr eða síðar þarf að mæta, og þannig má áfram telja. Lítill skilningur á rekstrarskilyrðum opinberra fyrirtækja skýrir jafnframt skilningsskort stjórnarinnar á eðlilegum starfsskilyrðum almennra fyrirtækja í einkarekstri. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um verðhækkanir á ýmiss konar vörum og þjónustu er skotið á frest fram yfir útreikningsdag vísitölnunnar. Þetta hefur verið sérstaklega áberandi á þessu ári, t. d. varðandi bensínhækkanir og opinbera þjónustu. Þá fann ríkisstjórnin upp það snjallræði í baráttunni við verðbólguna að hækka margháttaða þjónustu um síðustu áramót og láta reikna þær hækkanir inn í vísitölu gamla ársins. Með því móti varð vísitala nýja ársins hagstæðari í samanburði en ella, sérstaklega þegar öllum fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum verðhækkunum var skotið eins lengi á frest og mögulegt var. Nú virðist hugmyndin vera sú að fresta verðhækkunum yfir áramótin til að blekkingin nái tilgangi sínum. Spurningin er á hinn bóginn sú, hvort slíkar aðfarir eigi nokkuð skylt við efnahagsstefnu eða stjórn.

Þegar framangreindur ferill Alþýðubandalagsins og Framsóknar er skoðaður varðandi vísitölumöndl og verðbótaskerðingu á laun, hlýtur sú spurning að vakna, hvort forustumenn þessara flokka trúir því sjálfir, að núverandi vísitölukerfi sé slík vörn fyrir launamenn sem þeir hafa á stundum viljað vera láta, t. d. þegar Alþýðubandalagsmenn eru í „kaupráns“-ham og boða „slétt skipti“.

Að hluta til minnkaði verðbólga nokkuð á yfirstandandi ári vegna styrkingar Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði, lækkun Evrópumynta stuðlaði að lækkun innflutningsverðs og þar með verðbólgu í bili, auk þess sem 7% skerðing verðbóta 1. mars s. l. hafði sín áhrif. Verðhækkanir síðustu vikur og mánuði sýna ótvírætt, að þrátt fyrir þessa skerðingu verðbóta, hagstæð ytri skilyrði og framangreint vísitölumöndl er verðbólgan nú vaxandi og er í sama farinu og þegar ríkisstjórnin tók við, enda telur Seðlabankinn verðbólguþiggið nú 50% og Þjóðhagsstofnun spáir 55% verðbólgu á næsta ári. Niðurtalningin hefur því algjörlega brugðist.

4. Gengisfellingar og gengissig.

Á valdatíma Alþýðubandalagsins og Framsóknar frá haustinu 1978 hefur gengi íslensku krónunnar verið breytt fimm sinnum formlega og þar af nýkrónunnar þrisvar, en gengi hennar átti um s. l. áramót að styrkja sérstaklega og stöðva gengisfall a. m. k. um hríð. Nú eru horfur á að Bandaríkjadollar kosti a. m. k. 30—40% meira í nýkrónum um áramót en þegar nýkrónan tók gildi. Því miður hefur myntbreytingin orðið fyrst og fremst að villuljósi og blekkingum í höndum ríkisstjórnarinnar í stað þess að verða táknið nýrra og betri tíma, eins og orðið hefði ef varanlegar aðgerðir til stöðvunar skrúfugangs verðlags, launa og kostnaðar hefðu orðið undanfari breytingarinnar. Í þess stað missti almenningur allt verðskyn út í veður og vind þegar myntbreytingin bættist við verðbreytingarnar.

Þær fimm formlegu gengisfellingar, sem gripið hefur verið til síðan í septemberbyrjun 1978, voru sem hér segir:

4. sept. 1978	15%	gengisfelling
31. mars 1980	3%	—
29. maí 1981	3.85%	—
26. ágúst 1981	4.76%	—
10. nóv. 1981	6.50%	—

Í bréfi Seðlabanka Íslands frá 27. nóv. s. l. segir svo orðrétt: „Frá 1. ágúst 1978 til 24. nóv. 1981 hafa erlendir gjaldmiðlar vegið með landavog hækkað gagnvart ísl. krónu um 191.7%. Á sama tímabili hefur gengi Bandaríkjadollars hækkað gagnvart ísl. krónu um 213.9%.“ (Leturbreyting hér.)

Hækkun gengis Bandaríkjadollars dró verulega úr þörf gengisbreytinga vegna innlendra kostnaðarhækkana á þessu ári. Engu að síður hefur þetta orðið þróunin í ár og á þessu tímabili.

5. Skattreikningur Alþýðubandalags, Framsóknar og Alþýðuflokks frá árinu 1978.

Frá því vinstri stjórnin komst til valda haustið 1978 hefur nýjum og hækkuðum sköttum rignt jafnt og þétt yfir almenning. Sú ríkisstjórn hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka skatta. Álagningu tekju- og eignarskatta var lokið, en með bráðabirgðalögum ákvað ríkisstjórnin að bæta 50% viðauka á tekju- og eignarskatta einstaklinga með meiru. Þessir skattviðaukar hafa síðan verið innifaldir í tekju- og eignarsköttum og skattbyrði þessara skatta hefur þyngst mjög.

Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur skattbyrðin breyst þannig síðan 1977 sem hlutfall af tekjum á greiðsluári:

Eignarskattar einstaklinga:

	Álagning millj. nýkr.	Hlutfall af tekjum greiðsluárs
1977	6.7	0.29%
1978	13.4	0.37%
1979	21.0	0.38%
1980	38.4	0.45%
1981	67.7	0.51%
1982 frv.	104.1	1.58%

Tekjuskattar einstaklinga:

	Álagning millj. nýkr.	Hlutfall af tekjum greiðsluárs
1977	88.4	3.9%
1978	207.9	5.7%
1979	329.3	6.0%
1980	486.1	5.7%
1981	720.3	5.6%
1982	1092.8	6.1%

Á þessu tímabili hefur skattbyrði eignarskatta einstaklinga tvöfaldast skv. þessu, en tekjuskattbyrðin aukist um 50% rúm, ef tekið er mið af tekjum þess árs sem fólk er að greiða skattana, en það er augljóslega eðlilegasti mælikvarði skattbyrðarinnar frá sjónarhóli skattgreiðenda.

Vinstri stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta: gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskatt um 2%, úr 20 í 22% haustið 1979 og vörugjald um 6% á sama tíma. Vinstri stjórnin hóf einnig þá skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkunir sem hefur aukist síðan án þess að nokkuð sem nemi af þeirri skattahækkun hafi farið til vegamála.

Núverandi ríkisstjórn hefur viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttunum nema nýbyggingargjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjaldið er ekki innheimt lengur, en það var fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á „orkujöfnunargjald“, sem í raun er 1.5% söluskattur, og kom söluskatti þar með í 23½%. Það eykur skattbyrði á næsta ári um 192 millj. króna, en það jafngildir rúmlega 400 þús. gamalla króna skatti á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Þannig hefur hún fram haldið stefnu vinstri stjórnarinnar í skattamálum.

Hér fer á eftir samandreginn skattreikningur Alþýðubandalagsins, Framsóknar og raunar Alþýðuflokks, sem ber ábyrgð að hluta á skattastefnu vinstri stjórnarinnar:

Nýir og hækkaðir skattar frá haustinu 1978:
(Verðlag fjárlaga 1982, þús. kr.)

1. Hækkun eignarskatta einstaklinga	53 000	
2. Hækkun tekjuskatta einstaklinga	368 000	
– Lækkun sjúkratryggingagjalds	–126 000	
		295 000
3. Söluskattur 2% haustið 1979		256 000
4. Vörugjald 6% sama tíma		107 000
5. Gjald á ferðalög (skv. frv.)		47 000
6. Innflutningsgjald á sælgæti		3 000
7. Skattar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði		32 100
8. Hækkun verðjöfnunargjalds á raforku um 6%		28 500
9. Skattahækkun á bensíni, umfram verðlagsbreytingar		217 000
10. Orkujöfnunargjald		191 000
11. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra		13 500
12. Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð		61 000
		<hr/>
		1 252 000
Frá dregst:		
Niðurfelling söluskatts af matvöru haustið 1978		224 000
Lækkun tolla og aðfl.gjalda		97 000
		<hr/>
	Samt. nýkr.	931 000

Þetta jafngildir rúmlega 20 þús. nýkróna (2 millj. gkr.) viðbótarálægum á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu vegna ákvarðana þessara ríkisstjórna síðan haustið 1978.

Þá er ótalin hækkun á útsvörum til sveitarfélaga sem núverandi ríkisstjórn heimilaði og má giska á að leggi um 150 millj. króna viðbótarskatt á almenning umfram það sem að framan er talið.

Þess skal getið, að sú skattahækkun á bensíni, sem hér er tíunduð **umfram fast verðlag**, er í samræmi við upplýsingar frá Vegagerð ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Hún stafar að mestu af hækkun tolla og söluskatts vegna mikillar verðhækkunar á bensíni í innflutningi, en að mjög litlu leyti af raungildishækkun bensíngjalds til Vegasjóðs. Á fylgiskjali II og III sést hækkun bensínskatta og raungildi fjárveitinga til vegagerðar.

6. Þróun fjármunamyndunar.

Fjármunamyndun í atvinnuvegum, stóriðju og orkuframkvæmdum dregst stórlega saman í ár og á næsta ári skv. skýrslum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Sama er að segja um byggingar íbúðarhúsnæðis, fjárfesting í þeim hefur dregist saman ár eftir ár eða um 13.6% að magni til 1979—81 að báðum árum meðtöldum. Á hinn bóginn er fjárfesting í opinberum byggingum talin aukast á sama tíma um 24.6%, þ. e. a. s. árin 1980—82, skv. spám fjárfestingaráætlunar fyrir næsta ár.

Þessar staðreyndir segja sína sögu um stjórnarstefnuna í landinu. Þegar vinstri stjórnin tók við 1978 voru umtalsverðar stórvirkjana- og stóriðjuframkvæmdir þegar hafnar, m. a. virkjun við Hrauneyjafoss, stækkun Álversins og Járnblendiverksmiðja. Þessar framkvæmdir fóru vaxandi árin 1978—80, eða alls um 38.7% þessi þrjú ár frá árinu 1977. Á hinn bóginn drógust þessar framkvæmdir saman í ár um 3.2% og er spáð að þær dragist saman á næsta ári um 43.5% að magni til. Sömu sögu er að segja um hitaveituf framkvæmdir. Þær jukust 1979 og 1980, en dragast saman í ár um 3.7% og á næsta ári um 31.5% skv. spá fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstjórnarinnar.

Fjármunamyndun í atvinnuvegunum er talin dragast saman um 8.1% í ár og aftur á næsta ári um 9.1%.

Framangreindar staðreyndir um þróun fjármunamyndunar í landinu koma fram á eftirfarandi yfirliti (uppl. úr fjárfestingar- og lánsfjáráætlunarskýrslum):

Magnbreytingar fjármunamyndunar. (% frá fyrra ári.)

	1978	1979	1980	Spá 1981	Spá 1982
Opinberar byggingar	-10.9%	-10.1%	+6.1%	+9.7%	+6.8%
Íbúðarhús	-0.8%	-5.0%	-3.0%	-5.0%	0
Stóriðja og stórvirkjanir	+2.4%	+12.9%	+20.0%	-3.2%	-43.5%
Hitaveitur		+2.6%	+17.7%	-3.7%	-31.5%
Atvinnuvegir alls	-4.3%	0	+5.8%	-8.1%	-9.1%

7. Erlend lán þjóðarbúsins og viðskiptajöfnuður.

Erlendar lántökur hafa verið ískyggilega miklar undanfarin ár. Auðvitað hafa erlend lán verið tekin að hluta til framkvæmda sem skila arði. Þjóðarbúið er þá betur í stakk búið til þess að mæta aukinni greiðslubyrði af þeim. Þetta getur verið og er oftast réttlætlanlegt. En því miður sýna dæmin síðustu ár að þessu er oft ekki svo farið. Nú eru jafnvel tekin erlend lán til að fjármagna taprekstur ríkisfyrirtækja og opinber lántaka er með ýmsu marki brennd, en hún hefur vaxið stórkostlega eins og hér hefur fyrr verið bent á. Nú er búist við stórfelldum samdrætti á næsta ári í stóriðju, stórvirkjana- og hitaveituf framkvæmdum, en samt verður erlend lántaka mikil og í árslok verður greiðslubyrði meiri eða 18% af útflutningstekjum og skuldastaðan verri — 39% af þjóðarframleiðslu að mati Seðlabankans — heldur en nokkru sinni fyrr í sögunni. Samsvarandi tölur 1977 voru 13.7% og 31.6%.

Staða erlendra lána hefur verið og er áætluð þannig í lok viðkomandi ára, greiðslubyrði af útflutningstekjum og skuldastaða í % af þjóðarframleiðslu eru einnig sýnd (uppl. Seðlabanka Íslands):

	Staða í árslok		Greiðslu- byrði % af af útfl.tekjum	Skuldastaða % þjóðarframl.
	í millj. kr.	í millj.\$		
1977	1 343	632	13,7%	31,6
1978	2 361	743	13,1%	33,8%
1979	3 313	849	12,8%	34,6
1980	5 917	950	14,1%	35,2%
1981	7 500	1 152	16—17%	37%
1982	10 600	1 320	18%	39%

(skv. lánsfjáráætlun)

Frá 1968 hafa löng erlend lán nær tvöfaldast í Bandaríkjadollurum eða **hækkað um 78% tæp á aðeins fjórum árum** miðað við áform um lántöku í lánsfjáráætlun 1982.

Um erlendar lántökur Íslendinga sagði Jóhannes Nordal í grein í Fjármálatíðindum 1980, en þá var skuldabyrðin 35% af þjóðarframleiðslu:

„Þótt greiðslubyrðin af þessum skuldum hafi hingað til reynst viðráðanleg hljóta svo miklar erlendar skuldir að hafa í för með sér verulega áhættu, ef á móti blæs í efnahagsmálum eða skyndilegar breytingar verða á erlendum lánsfjármörkuðum.“ (Leturbr. hér).

Hafi þessi varnaðarorð verið gild á þeim tíma, þá eru þau það sannarlega nú, þegar fyrir liggur samdráttur í stóriðju- og orkuframkvæmdum og vegna þeirrar óvissu sem er fram undan innanlands og utan í efnahagsmálum.

7.1. Viðskiptajöfnuður.

Viðskiptajöfnuður var jákvæður 1978 um 7 170 millj. gkr. á þágildandi verðlagi, en snarversnaði á árunum 1979 og 1980. Þá var hann óhagstæður um 38,3 milljarða bæði árin. Útlit var fyrir nokkurn bata á árinu 1981 vegna samdráttar í stórframkvæmdum, mikils afla og útflutnings, en nú eru horfur taldar mun verri af ýmsum orsökum.

Nýjar spár munu vera í burðarliðnum um viðskiptajöfnuð í ár og á næsta ári, en eru ekki tiltækar að svo stöddu.

Viðskiptajöfnuður s. l. ár:

1978	+78,7 millj. nýkr.
1979	-65,3 millj. nýkr.
1980	-318,0 millj. nýkr.
1981	-500,0 millj. nýkr. (eigin áætlun)

8. Staða atvinnuveganna.

Vinstri stjórnin, sem tók við haustið 1978, og núverandi ríkisstjórn hafa átt það sameiginlegt eins og fleira að framfylgja neikvæðri afturhaldsstefnu gagnvart atvinnuvegunum. Þó tók steininn úr með svokallaðri „efnahagsáætlun“ ríkisstjórnarinnar sem kunngerð var um síðastliðin áramót.

Um þessa efnahagsáætlun og bráðabirgðalög segir svo í nefndaráliti sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar frá 22. febr. s. l.:

„Ákvæði 1. gr. um „herta“ verðstöðvun, hækkun raunvaxta skv. 3. gr. og nýtt milli-færslukerfi, sem þýðir falskt gengi ásamt sífelldri hækkun skatta á atvinnuvegina og landsfólkið, er augljóslega eins og uppskrift fyrir atvinnuleysi.“

Allar þessar ráðstafanir voru gerðar undir því yfirskini, að þær ættu að lækna verðbólguna því að hún væri hið versta mein fyrir atvinnuvegina. Út af fyrir sig er það rétt. En versta verðbólguorsökin fyrir atvinnuvegina eru ráðstafanir sem beinlínis fela í sér kostnaðarhækkun, t. d. fjármagnskostnaðar, og minni eða enga hækkun tekna, t. d. vegna harðvítugra verðlagshafta eða gengisskráningar sem í engu tekur tillit til innlendrar verðbólgu og kostnaðarhækkana.

Þessi efnahagsáætlun er tvímælalaust afturhaldssamasta stefna sem fylgt hefur verið gagnvart atvinnuvegunum í a. m. k. tvo áratugi, enda blasa afleiðingarnar við: Útflutnings- og samkeppnisiðnaður hefur verið rekinn með svo miklum halla að það hefur verið eitt helsta fréttaeftni í sumar og haust að skýra frá því með hrikalegum dæmum. Öll útgerð og undirstöðugrein fiskvinnslunnar, frystingin, hafa búið við slíkan taprekstur að nú þarf að útvega fyrirtækjum hallærslán í stórum stíl annaðhvort erlendis eða með seðlaprentun, til þess að þau stöðvist ekki, þótt góðæri ríki í sjávarútvegi. Með slíkum „ráðstöfunum“ verður atvinnuöryggi ekki tryggt til lengdar.

IV. Lokaorð.

1. Óvissa um áramót.

Í bréfi, sem Seðlabanki Íslands skrifar þingnefnd um ástand og horfur í peningamálum o. fl. og fylgir þessu nefndaráliti, segir að peningar streymi úr bankakerfinu, líklega vegna þess „hve rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækja er léleg, einkum í útflutnings- og samkeppnisgreinum“. Þá segir í bréfinu að „verðbólguþig sé nálægt 50%“.

Efnahagssérfræðingar ríkisstjórnarinnar og ráðherrar boða þörf nýrra ráðstafana í efnahagsmálum um áramót, nokkrum vikum eftir að forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á Alþingi að allt væri í himnalagi.

Öll sólarmerki benda til þess, að verið sé að búa þjóðina undir nýja kollsteypu í kringum hátíðarnar, kannske verður hún tilkynnt í sjónvarpinu á gamlárskvöld. Það frv., sem hér er til fjárlaga fyrir árið 1982, bendir ekki til þess, að nýjar leiðir séu í uppsiglingu. Því er ekki að búast við þeirri jákvæðu stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar sem augljóslega er nú þörf framfaranna öllu og flestum — nema ef til vill ráðherra og stuðningsliði þeirra á Alþingi — er ljóst.

2. Stefnubreytingar er þörf.

Þegar núverandi ríkisstjórn afgreiddi sín fyrstu fjárlög fyrir árið 1980, skilaði minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, séráliti. Í lok nefndarálits segir svo:

„Beita verður ríkisfjármálunum markvisst í þeim nauðsynlegu aðgerðum, sem verður að gera til hjóðnunar verðbólgu í landinu. Viljum við í því sambandi leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir í fjármálum ríkisins.

Í fyrsta lagi að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs með því að tryggja umtalsverðan greiðsluafgang á fjárlögum.

Í öðru lagi, að skuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum verði greiddar að fullu á næstu þremur árum.

Í þriðja lagi verði unnið markvisst að því að lækka rekstrar- og tilfærslugjöld ríkissjóðs. Í því sambandi er vakin athygli m. a. á eftirtöldum atriðum:

- a) Stefnt verði að sveigjanlegri og tímabundnari ráðningarsamningum opinberra starfsmanna til að draga úr fjölgun þeirra og heildarlaunakostnaði.
- b) Yfirstjórn sjúkrahúsa verði endurskipulögð og daggjaldakerfið lagt niður í núverandi mynd. Könnuð verði breytt verkaskipting sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig verði athugað, hvort núverandi stefna í uppbyggingu heilsugæslustöðva leiði til óþarflega dýrs rekstrar þeirra.
- c) Gerð verði úttekt á rekstrarútgjöldum og stofnframkvæmdum Háskóla Íslands og heildarúttekt á mannafla og útgjöldum í menntakerfinu.
- d) Gerð verði könnun á fækkun sendiráða.
- e) Útgerð skipa í eigu ríkisins verði endurskipulögð.
- f) Ríkisstofnanir, sem annast þjónustu, selji þjónustu sína á kostnaðarverði nema í undantekningartilvikum.
- g) Endurskoðað verði niðurgreiðsluferfi á búvörum.

Í fjórða lagi verði allt hagsýslustarf hjá ríkinu eflt til muna. Í því sambandi verði kannað hvaða leiðum skal beita til að gera hagsýslustörf virkari.

Í fimmta lagi, Alþingi verði sköpuð skilyrði til að hafa eftirlit með fjármálum ríkisins á þann veg að færa ríkisendurskoðun til Alþingis, og fjárveitinganefnd starfi meir að undirbúningi fjárlagafrv. og eftirliti með framkvæmd fjárlaga.

Þær aðgerðir í ríkisfjármálum, sem bent er á hér að framan, eru aðgerðir sem fyrst og fremst ber að gera til að endurreisa ríkisfjármálin og stöðva þátt þeirra í aukinni verðbólgu í landinu.

Á undanförunum árum hefur einkum tvennt sett svip sinn á ríkisfjármálin: annars vegar aukning þeirra sem hlutfalls af þjóðarframleiðslu, ásamt sífellum hallarekstri ríkissjóðs, og hins vegar að ekki hefur tekist að beita ríkisfjármálunum sem hagstjórnartæki við lausn verðbólguvandans. Því teljum við nauðsynlegt að gagnger endurskipulagning verði gerð á ríkisfjármálum í því skyni:

- Að minnka ríkisumsvif.
- Að beita ríkisfjármálum sem hagstjórnartæki.
- Að ná hámarksnýtingu þess fjármagns, sem veitt er á fjárlögum.
- Að losa um skuldbindandi útgjaldaákvæði.
- Að draga skörp skil milli verka- og tekjuskjortingar ríkis og sveitarfélaga.
- Að þjónustuhlutverk ríkisins verði afmarkað.
- Að þjónustustofnanir ríkisins verði reknar hallalausar.
- Að efla fjármálastjórn ríkisins.

Ríkisfjármálin eru einn veikasti hlekkurinn í þeim samræmdu aðgerðum, sem nauðsynlegt er að beita til að vinna bug á verðbólgunni. Meðan enginn skilningur er á því, er ekki við því að búast að vel gangi í þeirri baráttu. Þar er þörf á gerbreyttri stefnu.“

Þessi viðhorf eru enn í fullu gildi. Ljóst er þó, að nauðsynlegur undanfari æskilegra breytinga í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum almennt er, að núverandi ríkisstjórn víki og við taki stjórn, sem ekki aðeins hefur vilja — heldur einnig kjark og þor til að takast á við þessi vandasömu viðfangsefni.

Lárus Jónsson, Reykjavík, 11. des. 1981. Egill Jónsson.
frsm. Friðrik Sophusson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 8. desember 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis.

Að beiðni nefndarinnar hafa verið teknar saman eftirtaldar greinargerðir:

^{4/12} Staða og horfur í peningamálum.

^{7/12} Um greiðslubyrði og stöðu erlendra lána.

^{8/12} Óleyst fjárþörf vegna lánsfjáráætlunar 1981.

Gögn þessi sýna endurskoðun ýmissa stærða fyrir árið 1981. Samsvarandi endurskoðun áætlana um 1982 hefur ekki verið unnin, enda ekki forsendur til þess að öðru leyti en því sem meðfylgjandi gögn bera með sér endurskoðaðan grunn fyrir þær áætlanir.

Virðingarfyllst,

Bjarni Bragi Jónsson.

Útlán.

Svo nefndar séu tölur um aukningu heildarútlána þá var hún um 58% á árinu 1980, 53% á tólf mánuðum til marsloka, en 72% á tólf mánuðum til loka októbermánaðar. Líklega stafar þessi breyting að verulegu leyti af því, hve rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækja er léleg, einkum í útflutnings- og samkeppnisgreinum. En eftir mitt ár jókst almenn lánsfjáreftirspurn að líkindum einnig vegna ótta við væntanlegar gengisbreytingar og verðlagshækkanir. Raunvextir hafa verið of lágir til að viðhalda jafnvægi á peningamarkaði, enda eru nú horfur á að verðbólugustig sé nálægt 50%, en fyrir 3 mánuðum var það metið 40,2%.

Þótt þannig megi skýra stóraukna lánsfjáreftirspurn er ekki að sama skapi ljóst hvers vegna innlánsstofnanir hafa látið undan þessum þrýstingi. Útlánaaukningin hefur tvímæla- laust verið meiri en efni stóðu til, eins og lausafjárstaðan, og þá einkum yfirdráttur á viðskiptareikninga, sýnir. E. t. v. stafar þetta af því að útlánaþróun er að einhverju leyti þvinguð af ytri aðstæðum, ekki síst þar sem verðtrygging lána hefur færst í vöxt. Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild verðtryggðra lána og annarra skuldabréfa í heildarútlánum.

Hlutfallsleg skipting útlána.

	31. október 1979	31. október 1980	31. október 1981
Bankar og sparisjóðir			
Verðtryggð lán	—	5,4	16,6
Önnur skuldabréf	32,7	32,2	27,8
Önnur lán	67,3	62,4	55,6
Samtals	100,0	100,0	100,0
Viðskiptabankar			
Verðtryggð lán	—	4,4	14,6
Önnur skuldabréf	30,3	29,7	26,1
Önnur lán	69,7	65,9	59,3
Samtals	100,0	100,0	100,0
Sparisjóðir			
Verðtryggð lán	—	13,4	30,9
Önnur skuldabréf	51,8	51,9	40,5
Önnur lán	48,2	34,7	28,6
Samtals	100,0	100,0	100,0

Vegna vaxtabreytinga hefur hlutdeild skuldabréfalána aukist verulega á síðustu tveim árum, t. d. úr 33% í 44% hjá viðskiptabönkum og úr 52% í 71% hjá sparisjóðum, eins og taflan sýnir. Mikil áhersla hefur verið lögð á að veita verðtryggð lán til samræmis við aukningu verðtryggðra innlána. Við slíka endurskipulagningu útlána er eðlilegt að lausafjárstaða versni um sinn, þar sem lánstími þessara lána er lengri en annarra og endurgreiðslur falla með meiri þunga á síðari hluta lánstímans en hinn fyrri. Vegna verðtryggingar og geymslu verðbótapáttar skuldabréfalána á sér stað sjálfvirk hækkun útlána án þess að um nýjar lánveitingar sé að ræða. Á 12 mánuðum til októberloka má ætla að útlán banka og sparisjóða hafi hækkað um 500 m. kr. af þessum ástæðum, en það er rúmur fimmtungur þeirra 2 331 m. kr. aukningar heildarútlána sem varð á tímabilinu. Sambærileg tala fyrir næsta 12 mánaða tímabil á undan var um 200 m. kr. af 1 196 m. kr. aukningu heildarútlána eða tæp 17%. Líklegt er að innlánsstofnanir hafi verið illa búnar undir svo öra breytingu sem orðið hefur í þessum eignum, en þó er rétt að hafa í huga að sjálfvirk hækkun lána hefur að einhverju leyti komið í stað nýrra lána sem lánþegar hefðu sótt um.

Í millj. kr.	Verðtryggð innlán		Verðtryggð útlán	
	Staða 31/10/81	Hreyfing janúar—október 1981	Staða 31/10/81	Hreyfing janúar—október 1981
Viðskiptabankar	667	+640	717	+529
Sparisjóðir	132	+123	206	+140
Samtals	799	+763	923	+669

Að óbreyttri bróun stefnir nú í um 75% aukningu almennra útlána innlánsstofnana (þaklána). Aukning heildarútlána stefnir þó ekki svo hátt, heldur í um 68%, þar sem aukning endurseldra lána hefur verið mun minni en almennra lána. Meðfylgjandi áætlun sýnir lægri tölur, enda er nú áformað að draga úr útlánaaukningu til áramóta, sbr. fréttatilkynningu Seðlabankans nr. 42/1981.

Innlán.

Aukning heildarinnlána með áföllnum vöxtum, skoðuð á hverju tólf mánaða tímabili, hefur verið yfir 70% á þessu ári, og náði hæst 78% í lok ágúst mánaðar. Næstu tvo mánuði dró heldur úr aukningunni og til októberloka nam hún um 73%. Á síðustu mánuðum fyrra árs jukust innlán mjög mikið, m. a. vegna mikilla gjaldeyriskaupa bankanna, og er vart við því að búast að hliðstæð aukning verði nú. Yfir árið í heild má þó reikna með að heildarinnlán aukist um nálægt 70%.

Hlutfallsskipting innlána innlánsstofnana. (Einstök innlánsform með áætluðum vöxtum.)

	31. október 1979	31. október 1980	31. október 1981
Verðtryggð innlán	—	0,6	13,3
Önnur bundin innlán	34,8	34,7	19,8
Almenn spariinnlán	44,7	45,0	48,0
Veltiinnlán	20,5	19,7	18,9
	100,0	100,0	100,0

Innlánaaukning hefur verið svipuð í öllum þrem flokkunum, þ. e. bundnum spariinnlán-um, almennum spariinnlánnum og veltiinnlánnum. Þó varð nokkur aukning almennra innlána á kostnað bundinna á miðju ári þegar afnumin var binding gamalla sparibóka (6 mánaða, 12 mánaða og 10 ára). Innan bundinna innlána hefur orðið veruleg tilfærsla eftir að binditími verðtryggðra innlána stýttist í 6 mánuði. Eru verðtryggð innlán nú orðin rúm 13% heildarinnlána, en hlutdeild annarra bundinna innlána hefur lækkað í 20% heildarinnlána í októberlok 1981 úr 35% ári fyrr.

Endurkaup.

Nokkuð hefur dregið úr aukningu endurkaupa á þessu ári. Árið 1980 jukust þau um 69%, en á tólf mánuðum til októberloka nam aukningin 53,7%. Mestu munar um birgðalækkun landbúnaðarafurða. Líklega mun enn draga úr aukningu endurkaupa til áramóta og er reiknað með að aukningin á árinu verði um 44%.

Endurkaup Seðlabanka.

	Staða í m. kr. 31/10 1981	Hreyfingar á 12 mánuðum í m. kr. (% í sviga)		
		til 31/10 1980	til 31/10 1981	til 31/10 1981
Landbúnaður	302	93 (63,3)	62 (25,8)	(Áætlun) 110 (35,6)
Sjávarútvegur	771	171 (60,0)	315 (69,1)	225 (45,9)
Iðnaður	188	45 (88,2)	92 (95,8)	95 (90,5)
Annað	1	26	-28	-20
	1262	335 (68,9)	441 (53,7)	440 (44,4)

Önnur lán Seðlabanka.

Það sem af er árinu hefur framvinda ríkisfjármála vakið vonir um að það takist að ná markmiði fjárlaga um greiðsluafgang ríkissjóðs og lækkun skulda hans við Seðlabankann. Á hinn bóginn hefur komið fram mikil fjárvöntun vegna opinberra framkvæmda og sjóða. Ekki er fullljóst hvernig sá vandi verður leystur, en unnið er að athugin í því máli. Enn fremur hefur verið farið fram á mjög mikla fyrirgreiðslu Seðlabankans vegna fjárhagsvanda atvinnuveganna, og hefur sú fyrirgreiðsla ýmist verið veitt eða er til afgreiðslu á næstunni og mun óhjákvæmilega hafa veruleg áhrif á ástandið í peningamálum.

Í meðfylgjandi peningamálaáætlun hefur verið miðað við að erlendar lántökur árið 1981 aukist um 150 m. kr. (og gjaldeyrisstaða batni um sömu fjárhæð) frá því sem áætlað hafði verið. Að auki er nú reiknað með auknu útstreymi frá Seðlabanka vegna Verðjöfnunarsjóðs (12 m. kr.), Byggingarsjóðs ríkisins (40 m. kr.) og Bygðasjóðs (40 m. kr. vegna frystihúsa).

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

7. desember 1981

Um greiðslubyrði og stöðu erlendra lána.

Miðað við forsendur lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982, eins og þær voru þegar áætlunin var lögð fram, var áætlað að greiðslubyrði af löngum erlendum lánum yrði 16—17% af áætluðum útflutningstekjum á árinu 1981, en 17—18% á árinu 1982. Skuldastaða í hlutfalli af þjóðarframleiðslu var áætluð nálægt 36% í árslok 1981, en rúmlega 37% í árslok 1982.

Endurskoðun lánsfjáráætlunar er enn ekki lokið. Allar líkur benda nú til þess, að lántökur á árinu 1981 muni fara a. m. k. 200 m. kr. fram úr spá lánsfjáráætlunar. Það mun ekki hafa merkjanleg áhrif á greiðslubyrði ársins 1981, en skuldastaða í árslok mundi hækka í rúmlega 37% af þjóðarframleiðslu miðað við óbreytta þjóðarframleiðslu skv. spá lánsfjáráætlunar.

Að því er varðar spá lánsfjáráætlunar fyrir lántökur á árinu 1982, hefur þegar komið í ljós, að lántökur vegna skipakaupa eru vantaldar um ca. 100 m. kr. Lítið er vitað um breytingar á öðrum liðum, en skv. reynslu undanfarinna ára má gera ráð fyrir að þar sé fremur van- en ofáætlað. Ef gert er ráð fyrir að lántökur 1982 mundu í heild hækka um 250 m. kr. frá tölum lánsfjáráætlunar, mundi það ásamt framangreindri umframlántöku á árinu 1981 leiða til þess, að greiðslubyrði ársins 1982 í hlutfalli af útflutningstekjum yrði rúmlega 18% og skuldastaða í árslok 1982 yrði um 39%. Er þá reiknað með sömu útflutningstekjum og þjóðarframleiðslu og gert er í lánsfjáráætlun fyrir 1982, sem lögð var fram í október s. l.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

8. desember 1981.

Óleyst fjárpörf vegna lánsfjáráætlunar 1981.

Hér fer á eftir mjög lauslegt yfirlit um óleysta fjárpörf lánsfjáráætlunar á yfirstandandi ári, svo sem nýlega hefur verið gerð grein fyrir henni til ríkisstjórnarinnar. Hér er aðeins fjalláð um fjárpörf hinna opinberu aðila í áætluninni, en í yfirliti um erlendar lántökur og greiðslubyrði eru lántökur einkaaðila umfram áætlun einnig teknar með í reikninginn, eftir því sem um þær er vitað.

Að sjálfsögðu er þó ekki fullljóst enn, hvort lán verður tekið erlendis fyrir áramót til þess að mæta eftirgreindri fjárvöntun eða hluti hennar færist fram á næsta ár. Auk þessa er nú til meðferðar mikil þörf rekstrarfjármögnunar og lánabreytingar atvinnuveganna og sérsjóða þeirra, sem vísað hefur verið til bráðabirgðafyrirgreiðslu Seðlabankans og gæti að verulegu leyti haft áhrif á lánsfjáráætlun 1982. Meðal þeirra ráðstafana er bráðabirgðafyrirgreiðsla við

Byggingarsjóð 40 m. kr., sem í reynd er fjárvöntun ársins 1981, enda þótt henni verði ekki mætt úr þessu með endanlegum ráðstöfunum fyrr en á næsta ári. Er þessi fyrirgreiðsla ekki tekin með í eftirfarandi yfirliti.

Fjárvöntun opinberra aðila.

Yfirlit um fjárheimtur og fjárþörf endurlánareiknings ríkissjóðs fer hér á eftir:

Millj. kr. Innlend	Fjáröflun		Áætlað alls til áramóta	Mismunur frá áætlun
	Lánsfjár- áætlun	Staða 20/11		
Sala spariskírt. og happdr.	90	33	35	-55
Innheimtufé spariskírteina	90	90	110	20
Lífeyrissjóðir	56	47	52	-4
Innlánsstofnanir	52	54	60	8
Alls	288	224	257	-31
Erlent og annað				
Framkvæmdasjóður vegna vega	20,1	—	20,1	,1 —
Erlent lánsfé	332	373	...	(41)
Alls	352	373	...	(41)
Samtals	640	597	...	(10)

Samkvæmt þessu væri þegar búið að jafna vöntun innlends fjár með erlendri lántöku, ef ekki kæmu til nýjar viðbætur við áætlunina, afgreiddar á árinu.

Heildaráætlun á vegum endurlánareiknings, að meðtöldum lánveitingum til Orkubús Vestfjarða, Kísiliðju og bæjar- og sveitarfélaga á vegum þessa reiknings, er þá þannig:

Upphafleg áætlun	640 m. kr.
Viðbætur á árinu	166 m. kr.
Endurskoðuð áætlun	806 m. kr.
Áætluð fjárvöntun, sem eykur þörf fyrir erlenda lántöku, sundurliðast þá þannig:	
Brestur innlendra fjáröflunar	31 m. kr.
Viðbætur við áætlun	166 m. kr.
Fjárvöntun alls	197 m. kr.
Frá dregst:	
Þegar tekin erlend lán umfram áætlun	41 m. kr.
Óuppfyllt fjárvöntun	156 m. kr.

Framkvæmdasjóður.

Framkvæmdastofnun áætlar, að af lífeyrissjóðafé muni aðeins nást um 60 m. kr. af þeim 123 m. kr., sem Framkvæmdasjóði voru ætlaðar, þ. e. fjárvöntun um 63 m. kr. Til þess að freista þess til hins ýtrasta að forðast aukna erlenda lántöku af þessu tilefni hefur Framkvæmdasjóður náð samkomulagi við nokkra fjárfestingarlánasjóði að draga úr lánveitingum til þeirra sem svari því að **aukning erlendra lántöku á vegum sjóðsins takmarkist við 25 m. kr.**


Óuppfyllt fjárvöntun hinna opinberu aðila lánsfjáráætlunar verður þannig:

Ríkissjóður og opinberar stofnanir	156 m. kr.
Framkvæmdasjóður	25 m. kr.
	<hr/>
Alls til erlendra lántöku	181 m. kr.
	<hr/>
Frádr. lántaka vegna Bygðasjóðs tekin með í erlendu láni Framkvæmdasjóðs	31,5 m. kr.
	<hr/>
Ófyrirséð þörf erlendra lántöku	150 m. kr.
	<hr/>

TEKJUR RÍKISINS AF BENSÍNSKÖTTUM


Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar.

(Verðlag 1981, 52% hækkun frá 1980)



HEILDARFRAMLÖG TIL VEGAGERÐAR

(Ríkissjóðs og Vegasjóðs)
 (Verðlag 1981, 52% hækkun frá 1980)



ATH afborganir og vextir áætlaðir fyrir 1980 og 1981